

MINNISBLAÐ 02		
Verknúmer 10156	Verkkaupi Orlofssjóður BHM	Dagsetning 7.2.2011
Verkheiti Orlofshús BHM nr 18 og 19, í Brekkuskógi. Útboð í október 2010		
Málefni Grundun húss nr. 19		
Sendandi Guðmundur Hjaltason (GH), Eftirlit. Verkfræðistofa Suðurlands, gh@ verksud.is		
Dreifing Verktaki, verkkaupi, byggingarfulltrúi.		

Lokið er við að fylla undir sökkla húss 19 og steypa rúmlega helming sökkulveggja, sjá meðfylgjandi yfirlitsmynd.

Í byrjun sl. viku kom í ljós að í hláku undanfarið hafði blotnað upp í fyllingu undir sökklum húss 19, sem vakti efasemdir um burðargetu fyllingar í grunni og undir sökklum. Byggingarfulltrúi, eftirlit og verktaki skoðuðu aðstæður og grófu tvær prufuholur í fyllinguna. Efni í holunum var laust í sér og mjög blautt. Í kjölfarið var ákveðið að gert yrði plötupróf á fyllingunni og framhaldið ákveðið með tilliti til niðurstaðna þess.

Plötuprófun, framkvæmd af starfsmönnum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, fór fram fimmtudaginn 3. febrúar og var gerð prófun á tveimur punktum inni í sökkli, PP1 og PP2 á yfirlitsmynd. Báðar prófanir stóðust prófun, en ekki var um fyllilega marktækar prófanir að ræða þar sem jarðvinnuverktaki hafði í millitíðinni skipt um fyllingarefni í grunni og þjappað. Ekki var unnt að prófa burðargetu fyllingar undir sökklum eða í þeim hluta grunns sem ekki var búið að endurvinnna.

Sökkulveggir voru í kjölfarið hæðarmældir og í ljós kom að þeir höfðu sigið umtalsvert. Ekki liggur fyrir hvert heildarsigið er en missig er allt að 10 cm, sjá meðfylgjandi yfirlit mælipunkta.

Hið mikla missig sem átt hefur sér stað sýnir að burðargeta fyllingar undir sökklum er ófullnægjandi.

Plötupróf sem gert var í grunni gefur ekki mynd af burðargetu fyllingar undir sökklum, þar sem um annarskonar efni er að ræða sem þjappað var sérstaklega.

Nær víst má telja að fylling geti sigið enn frekar, þar sem álag á sökkla á eftir að aukast umtalsvert. Ennfremur verður ekki séð hvernig tryggja má að ekki verði um frekara sig að ræða.

Í ljósi alls þessa er hér með farið fram á að verktaki fjarlægi þá sökkulveggi sem búið er að steypa og endurvinni jarðvegsskipti og þjöppun fyllingar undir sökkla.

F.h. Verkfræðistofu Suðurlands
Guðmundur Hjaltason
Eftirlitsmaður

